

# **Velferð, lýðræði, atvinna og umhverfi fyrir fólkið í Firðinum**

**Málefнасamningur**

**Samfylkingar og Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs**

**Júní 2010**

## **Efnisyfirlit**

<b>Velferð, lýðræði, atvinna og umhverfi fyrir fólkið í Firðinum</b>	<b>bls. 3</b>
<b>Nánari útfærsla málefnasamningsins</b>	<b>bls. 6</b>
<b>1. Stjórnsýsla og lýðræði</b>	<b>bls. 6</b>
<b>2. Fjármál</b>	<b>bls. 7</b>
<b>3. Velferð</b>	<b>bls. 8</b>
<b>4. Atvinna</b>	<b>bls. 10</b>
<b>5. Umhverfi, skipulag og auðlindir</b>	<b>bls. 11</b>
<b>6. Menntun og fræðsla</b>	<b>bls. 14</b>
<b>7. Íþróttir, æskulýðsmál, tómstundir og forvarnir</b>	<b>bls. 15</b>
<b>8. Menning</b>	<b>bls. 16</b>

## **Velferð, lýðræði, atvinna og umhverfi fyrir fólkið í Firðinum**

### **Málefnasamningur Samfylkingar og Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs**

#### **2010 – 2014**

Meirihluti Samfylkingar og Vinstri grænna í Hafnarfirði er skipaður sex bæjarfulltrúum flokka sem eiga um margt sameiginlegar grundvallarhugsjónir. Báðir flokkar gengu til kosninga með sambærilegar áherslur varðandi hvaða þætti skyldi leggja höfuðáherslu á næsta kjörtímabili. Þessi sjónarmið nutu stuðnings nærri 60% þeirra kjósenda sem greiddu atkvæði einhverjum þeirra stjórnmalaflokka sem buðu fram í nýafstöðnum kosningum.

Meirihlutinn leggur ríka áherslu á að standa vörð um félagsleg sjónarmið og lausnir. Velferð, atvinnumál, umhverfismál og þátttaka almennings, eru leiðarljós í verkefnaskrá áráanna 2010-2014.

Nýr meirihluti Samfylkingar og Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs í Hafnarfirði tekur við störfum við óvenjuerfiðar aðstæður í þjóðfélaginu. Fjármunir eru af skornum skammti og verkefni bæjarstjórnar verða fyrst og fremst að forgangsraða verkefnum og fylgja eftir útfærslum á frekari hagræðingu í rekstri frekar en að taka ákvörðun um ný útgjöld. Þegar kemur fram á árið 2011 er hins vegar við því að búast að hagvöxtur fari að skila sér inn í hagkerfið og þá einnig til sveitarfélaganna. En einnig þá er mikilvægt að forgangsraða í þágu þeirra sem erfiðast eiga; þeir eiga fyrstir að njóta hagvaxtarins í hinni nýju framtíð.

Bæjarfélög eins og Hafnarfjörður gegna mikilvægu hlutverki í að örva hagvöxt á ný með því að leggja rækt við atvinnufrumkvæði á öllum sviðum.

Hinn nýji meirihluti í bæjarstjórn Hafnarfjarðar vekur athygli á þeirri djúpstæðu óánægju og vantrú sem virðist ríkjandi með stjórnarstofnanir ekki aðeins í Hafnarfirði heldur í samfélaginu öllu. Það verður því eitt af mikilvægustu verkefnum hins nýja meirihluta að leggja sitt af mörkum til að endurreisa trú á lýðræðisleg vinnubrögð, áhrif almennings á ákvarðanir og beint lýðræði. Sérstök áhersla verður því lögð á að bæjarbúar allir, burtséð frá stjórnmalaskoðunum, geti komið sínum sjónarmiðum á framfæri við stjórn bæjarins.

### **Stjórnsýsla og lýðræði**

Meirihlutinn leggur höfuðáherslu á að bæta möguleika íbúanna á beinni þátttöku í stefnumótun og ákvarðanatöku um mál sem þá varða. Efnt verður til margvíslegra aðgerða til að tryggja aukin áhrif íbúanna og aðgang að stjórnkerfi og upplýsingum m.a.

tilraunaverkefni um stofnun íbúaráða í einu eða fleiri hverfum bæjarins.

Leitað verður leiða til að efla virðingu bæjarstjórnar, t.d. með því að gera breytingar á fyrirkomulagi bæjarstjórnarfunda.

Haldin verður sérstök Hafnarfjarðarvika og Gaflarabing um lýðræði og íbúagátt bæjarins virkjuð, m.a. til að kalla fram hugmyndir og sjónarmið íbúanna um starfshætti bæjarstjórnar, stjórnkerfisins og mögulegar leiðir fyrir bæjarbúa að koma hugmyndum sínum og tillögum á framfæri við bæjaryfirvöld.

### **Fjármál**

Ársreikningur Hafnarfjarðarbæjar fyrir árið 2009 sýnir að góður árangur hefur náðst með þeim hagræðingaaðgerðum sem gripið hefur verið til á undanförunum misserum. Samráð og samvinna á milli bæjarfulltrúa og starfsmanna bæjarins er lykillinn að þessum árangri. Á næstu fjórum árum viljum við auka enn frekar samráð og samstarf þessara aðila með það að leiðarljósi að bæta rekstur bæjarins með hagkvæmni, aðhaldi og góðu skipulagi.

Meginmarkmiðið er að tryggja jákvæða rekstrarafkomu og að veltufé frá rekstri aukist á ný og verði að jafnaði yfir 10% af tekjum.

Styrkja þarf tekjustofna bæjarins með markvissum aðgerðum í skipulags- og atvinnumálum meðal annars með góðu samstarfi við alla hagsmunaaðila í atvinnulífi og á vinnumarkaði. Bærinn á tilbúnaðar íbúða – og atvinnulóðir sem verðmetnar eru á nærri 10 milljarða króna. Innviðir bæjarins eru traustir og því verða lóðir í bænum eftirsóttar en tekjur af lóðasölu sem og fjölgun íbúa tryggja bænum fjármagn til niðurgreiðslu skulda og styrkir rekstur bæjarins. Skuldir bæjarins hafa hækkað umtalsvert á undanförunum tveimur árum vegna falls krónunnar, verðlagsbreytinga, framkvæmda og lóðaskila. Greiðslubyrði lánanna á næstu þremur árum er þung en unnið er að endurfjármögnun lánasafnins. Peningaleg eign bæjarins sem er um 4 milljarðar króna verður notuð til að greiða niður skuldir, lenging lánstíma lánanna, sala lóða og framangreint veltufé leiða til þess að greiðslubyrði á komandi árum verður viðráðanleg.

Á kjörtímabilinu verður nýframkvæmdum haldið í lágmarki en ákvarðanir um framkvæmdir verða teknar, hverju sinni, með tilliti til efnahagsaðstæðna og fjárhagsstöðu bæjarins. Leiðarljós okkar er ábyrg og traust fjármálastjórn og með enn betri upplýsingamiðlun um rekstur og fjárhag bæjarins náum við settum markmiðum.

### **Velferð**

Meirihluti Samfylkingar og Vinstri grænna leggur áherslu á að standa vörð um velferðarþjónustuna í Hafnarfirði. Hún á að vera fyrir alla og miðast við aðstæður, vilja og þarfir hvers og eins. Í því felst m.a., að þjónusta félagsþjónustunnar verður styrkt og eflað, með áherslu á fyrirbyggjandi úrræði, svo sem skólstyrki og virkniúrræði. Stefnt er að því að samþætta enn betur félagslega heimaþjónustu, heimahjúkrun og heilsugæslu. Endurskoðun Framkvæmdaáætlunar í barnavernd hefst árið 2010 og lögð verður sérstök áhersla á fyrirbyggjandi úrræði í barnavernd.

### **Atvinna**

Meirihluti Samfylkingar og vinstri grænna leggur áherslu á fjölbreytt atvinnulíf á forsendum sjálfbærrar þróunar og í samræmi við fyrirhugaða umhverfis- og auðlindastefnu Hafnarfjarðarbæjar. Höfuðáhersla verður lögð á að tryggja áframhaldandi uppbyggingu á þeim verðmætu atvinnusvæðum sem Hafnarfjarðarbær hefur yfir að ráða og eru tilbúin til notkunar. Sérstök rækt verður lögð við nýsköpun og sprotastarfsemi. Mikilvægt er að tryggja að atvinnu- og efnahagsuppbygging miði að atvinnuþátttöku kvenna jafnt sem karla og stuðlað verður að kjarajöfnun og að útrýma kynbundnum launamun. Leitað verður leiða til að tryggja skólafólki sumarvinnu eða möguleika til að stunda nám og rannsóknir yfir sumarmánuðina

### **Umhverfi, skipulag og auðlindir**

Á sviði skipulagsmála leggur meirihluti Samfylkingar og Vinstri grænna áherslu á vistvæna nálgun, bæði hvað varðar skipulagsgerð og hönnun mannvirkja. Skipulagsvinna taki mið af þörfum íbúa og atvinnulífs, um leið og þess er gætt að byggingaframkvæmdir séu í sátt við landfræðilegar aðstæður. Styrkja þarf grundvöll fyrir sjálfbærni í einstökum hverfum bæjarins, m.a. með eflingu almenningsgangna því góðar samgöngur og almenn umhverfisvitund er lykillinn að farsælli sambúð manns og náttúru. Mörkuð verður sérstök auðlindastefna fyrir Hafnarfjörð.

Sérstaklega verður hugað að varðveislu menningarlegra sérkenna bæjarins hvað varðar byggingarlist, sögu, minjar og náttúrufar.

### **Menntun og fræðsla**

Áhersla verður lögð á markvissa framþróun í leik- og grunnskólum og sérstaklega horft til menntunar á sviði lýðræðis og mannréttinda, jafnréttis, félagsfærni og umhverfisverndar. Aðkoma íbúa og starfsfólks skóla að hugmyndavinnu um þróun og uppbyggingu skólastarfs verður eflid. Starfsemi sem snýr að rannsóknum á gæðum skólastarfs og frekari stuðningi við skólanna verður styrkt. Áhersla verður lögð á að standa vörð um starfsemi hverfisskóla. Fagleg stjórnun heilsdagsskólans verði aukin með breyttri skipan hans. Aukið samstarf um skipulag tónlistarnáms á hefðbundnum skólatíma verði á milli tónlistarskóla og grunnskóla. Stefnt skal að því að holl morgunmáltíð verði fyrir börn í öllum skólum Hafnarfjarðar þeim að kostnaðarlausu. Hugað verði að fyrstu skrefum í átt að gjaldleysi grunnskólans á afmörkuðu sviði fyrir lok kjörtímabilsins. Við skipulag skólamáltíða verður lögð aukin áhersla á manneldismarkmið og frekari samþættingu skólamáltíða við nám um lýðheilsu og heilbriggt lífverni.

### **Íþróttir, æskulýðsmál, tómstundir og forvarnir**

Meirihluti Samfylkingar og VG leggur sérstaka áherslu á heilbrigðan lífstíl og almenna lýðheilsu og forvarnir í víðasta skilningi þess verða í forgrunni þegar kemur að íþróttá-, æskulýðs- og tómstundastarfi. Áfram verður lögð rík áhersla á þverfaglegt samstarf allra sem koma að íþróttum, tómstundum, æskulýðsmálum og forvörnum í bænum. Leitast verður við að skapa þá umgjörð um íþróttá-, æskulýðs- og tómstundaumhverfi þar sem jöfnuður og sanngirni ríkir og allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi. Áfram verður lögð áhersla á íþróttabæinn Hafnarfjörð með stuðningi við félög, iðkendur og foreldra.

### **Menning**

Menning er í senn sjálfstæð atvinnugrein og undirstaða annarra atvinnuvega, skapandi hugsunar, uppspretta nýsköpunar og verðmætasköpunar. Lögð verður áhersla á gildi menningar fyrir frjálsa hugsun, víðsýni og umburðarlyndi, ekki síst í tengslum við skólastarf. Tryggja þarf að börn hafi jafnan aðgang að menningu og komist í kynni við fjölbreytta menningarstarfsemi. Lögð verður áhersla á að rækta sérkenni, menningararf og einkenni Hafnarfjarðar, þ.m.t. höfnina, gömlu timburhúsabyggðina og hraunið í bæjarlandinu. Gert verði átak í að merkja með sýnilegum hætti gömul hús í bænum með upprunalegum nöfnum.

Í samræmi við framangreind markmið mun meirihluti Samfylkingar og Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs leggja höfuðáherslu á ábyrga fjármálastjórn, velferð, lýðræði atvinnu og umhverfi fyrir fólkið í Firðinum.

## Nánari útfærsla málefнасamningsins

### 1. Stjórnsýsla og lýðræði

Meirihlutinn leggur höfuðáherslu á að bæta möguleika íbúanna á beinni þátttöku í stefnumótun og ákvarðanatöku um mál sem þá varða. Þess vegna verður efnt til margvíslegra aðgerða til að tryggja aukin áhrif þeirra og aðgang að stjórnkerfi og upplýsingum.

Leitað verður leiða til að bæta vinnulag bæjarstjórnar, t.d. með því að gera breytingar á fyrirkomulagi bæjarstjórnarfunda.

Efnt verður til sérstakrar Hafnarfjarðarviku og Gaflaraþings, m.a. til að kalla fram hugmyndir og sjónarmið íbúanna um starfshætti bæjarstjórnar og stjórnkerfisins.

- Farið verður yfir stjórnkerfið á grundvelli úttekta sem fráfarandi bæjarsjórnir hefur látið vinna og lagt mat á með hvaða hætti það verði lagað að breyttum aðstæðum, sem skapast m.a. vegna yfirfærslu málefna fatlaðs fólks til sveitarfélagsins.
- Kannað verður hvort og með hvaða hætti mögulegt er að innleiða viðurkennda gæðastaðla í starfi bæjarstjórnar og stjórnsýslunnar.
- Leitað verður leiða til að tryggja með sýnilegri og rekjanlegri hætti ferli mála í stjórnkerfinu, frá upphafi til afgreiðslu.
- Leitað verður leiða til að bæta enn frekar samskipti stjórnsýslunnar við íbúana, m.a. með því að efla rafræna stjórnsýslu og auka möguleika á að koma ábendingum og sjónarmiðum á framfæri, t.d. með “ábendinga- og tillögugátt”.
- Efnt verður til sérstakrar Hafnarfjarðarviku þar sem bæjarbúum gefst tækifæri til að kynna sér innviði stjórnsýslunnar og stjórnkerfi bæjarins, börn og unglingar fá tækifæri til að kynnast formreglum lýðræðisins og því hvernig mikilvægar ákvarðanir eru teknar. Markmiðið með slíkum viðburði er að auka lýðræðisvitund, gagnkvæman skilning og skapa traust. Sérstök áhersla verður lögð á að virkja ungt fólk til þátttöku og samvinnu við grunn- og framhaldsskóla í bæjarfélaginu.
- Einn hluti af Hafnarfjarðarviku 2010 verður Gaflaraþing um lýðræði og stjórnsýslu í Hafnarfirði. Meðal verkefna þingsins verði að gera tillögur að tilraunaverkefni sem standi til tveggja ára, um vettvang um íbúasamráð í a.m.k. einu hverfi bæjarins.
- Á grundvelli niðurstaðna Gaflaraþings verður mótuð sérstök lýðræðisstefna fyrir Hafnarfjörð.
- Farið verður yfir reynsluna af Ungmennaráði, Öldungaráði og skólaráðum grunnskólanna, með það fyrir augum að auka og bæta virkni þessara stofnana og tryggja áhrif þeirra. Í sama skyni verður samráð við samtök íþrótt- og tólmstundafélaga endurmetið.
- Komið verður á samráðsvettvangi með notendum þjónustu við fatlað fólk, til að tryggja áhrif þeirra á framtíðarskipan málaflokksins við yfirfærsluna og við að móta þjónustuna eftir hana.
- Komið verði á hverfafundum með fulltrúum allra flokka í bæjarstjórn.

- Skipuð verður lýðræðis- og stjórnsýslunefnd kjörinna bæjarfulltrúa til að fylgja eftir ofangreindum verkefnum.

## 2. Fjármál og rekstur

Ársreikningur Hafnarfjarðarbæjar fyrir árið 2009 sýnir að góður árangur hefur náðst með þeim hagræðingaaðgerðum sem gripið hefur verið til á undanförunum misserum. Samráð milli bæjarfulltrúa og starfsmanna bæjarins er lykillinn að þessum árangri. Á næstu fjórum árum viljum við auka enn frekar samráð og samstarf þessara aðila með það að leiðarljósi að bæta rekstur bæjarins með hagkvæmni, aðhaldi og góðu skipulagi þannig að veltufé frá rekstri verði ekki lægra en sem nemur 10% af tekjum.

Styrkja þarf tekjustofna bæjarins með markvissum aðgerðum í skipulags- og atvinnumálum og hlúa að starfsumhverfi fyrirtækja í bænum. Bærinn á tilbúnar íbúða – og atvinnulóðir sem verðmetnar eru á nærri 10 milljarða króna. Innviðir bæjarins eru traustir og því verða lóðir í bænum eftirsóttar en tekjur af lóðasölu sem og fjölgun íbúa tryggja bænum fjármagn til niðurgreiðslu skulda og styrkir rekstur bæjarins. Skuldir bæjarins hafa hækkað umtalsvert á undanförunum tveimur árum vegna falls krónunnar, verðlagsbreytinga, framkvæmda og lóðaskila. Greiðslubyrði lánanna á næstu þremur árum er þung en unnið er að endurfjármögnun lánasafnins. Peningaleg eign bæjarins um 4 milljarðar krónur verður notuð til að greiða niður skuldir, lenging lánstíma lánanna, sala lóða og framangreint veltufé leiða til þess að greiðslubyrði á komandi árum verður viðráðanleg. Á kjörtímabilinu verður nýframkvæmdum haldið í lágmarki en ákvarðanir um framkvæmdir verða teknar, hverju sinni, með tilliti til efnahagsaðstæðna og fjárhagsstöðu bæjarins. Leiðarljós okkar er ábyrg og traust fjármálastjórn og með betri upplýsingamiðlun um rekstur og fjárhag bæjarins náum við settum markmiðum.

- Næstu áfangar í uppbyggingu sem tengjast grunnþjónustu bæjarsins haldast í hendur við hraða uppbyggingar í nýjum íbúðahverfum, svo sem nýir leikskólar á Völlum og 1. áfangi nýs grunn- og framhaldsskóla í Hamranesi.
- Áhersla er lögð á að leita ákveðið eftir uppkaupum á þeim einkaframkvæmdar-samningum sem eftir eru.
- Í nýrri umhverfis- og auðlindastefnu, sem m.a. nái til vatns og hitaréttinda, lóðamála og framtíðarnýtingar lands, verða áherslur samræmdar með tilliti til nýs aðalskipulags og nýs skipulags höfuðborgarsvæðisins.

- . Fyrirkomulag gjaldtöku fyrir þjónustu verður endurskoðað og í samræmi við það sem lagt var upp með haustið 2009, verða gjaldskrár endurskoðaðar fyrir haustið, m.a. í samræmi við verðlagspróun.
- Fengin verður fræðsla um kynjaða hagstjórn fyrir kjörna fulltrúa og starfsfólk sem kemur að gerð fjárhagsáætlunar, í samræmi við stefnu fjármálaráðuneytisins frá árinu 2009, Kvennasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Peking-yfirlýsinguna frá árinu 1995.

### 3. Velferð

Velferðarþjónusta á að vera fyrir alla og miðast við aðstæður, vilja og þarfir hvers og eins.

#### Almenn félagsþjónusta:

- Standa vörð um þá þjónustu sem félagsþjónustan veitir og efla hana með áherslu á fyrirbyggjandi úrræði.
- Sérstök áhesla verður lögð á að efla og þróa skólstyrki enn frekar
- Endurskoðun Framkvæmdaáætlunar í barnavernd hefst árið 2010 og lögð verður sérstök áhersla á fyrirbyggjandi úrræði í barnavernd.
- Stefna skal að því að samþætta enn betur félagslega heimaþjónustu, heimahjúkrun og heilsugæslu.

#### Barnavernd :

- Sérstaklega verður horft til aukinnar samþættingar á þeirri þjónustu sem Hafnarfjarðarbær veitir börnum og barnafjölskyldum.
- Vinna við endurskoðun framkvæmdaáætlunar í barnavernd verður þegar sett af stað eins og lög gera ráð fyrir. Þar verði sérstök áhersla lögð á fyrirbyggjandi aðgerðir.

#### Yfirfærsla málefna fatlaðs fólks yfir til sveitafélagsins:

- Byggt verður á grunni greinargerðar til bæjarstjórnar um skipan málefna og þjónustu við fatlað fólk í Hafnarfirði frá því í maí 2010 og niðurstöðum í samningum sveitarfélaganna og ríkisins sem munu liggja fyrir á næstunni.
- Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks verður hafður að leiðarljósi í mótun og þróun þjónustunnar
- Áhersla er lögð á sjálfsákvörðunarrétt og sjálfstæði og að fatlað fólk geti valið sér búsetu.
- Við yfirfærslu málaflokks fatlaðs fólks, janúar 2011 verði hugað að því að þjónusta við fatlað fólk verður sniðin að persónulegum þörfum hvers og eins og stefnt skal að því að þeir sem þess óska fái notendastýrða persónulegra aðstoð.

- Við yfirfærsluna verður sett af stað þróunarverkefni um notendastýrða persónulega aðstoð t.d. í samráði við væntanlegt samvinnufélag fatlaðs fólks um notendastýrða persónulega aðstoð.

#### **Öldrunarmál:**

- Unnið verður eftir heildstæðri stefnu í öldrunarmálum sem liggur fyrir, þar sem tekið er á öllum stigum þjónustunnar þannig að í sveitafélaginu sé boðið uppá fjölbreytt úrræði.
- Áhersla er lögð á að efla þjónustu sem styður við sjálfstæða búsetu, s.s dagvistun, hvíldarinnlagnir og fjölbreytta heimþjónustu (sjá kafla 1 í skýrslu nefndar um uppbyggingu heilðrænnar öldrunarþjónustu í Hafnarfirði frá febrúar 2006).
- Sérstök áhersla verður lögð á að tryggja að ríkið standi við sínar skuldbindingar varðandi framtíðarhlutverk Sólvangs, þegar nýtt hjúkrunarheimili tekur til starfa árið 2012. Horft verður til mikilvægis St. Jósefsspítala fyrir almenna heilbrigðisþjónustu í bænum og staðið gegn áformum um að draga úr hlutverki hans í því sambandi.
- Nýtt 60 rýma hjúkrunarheimili á Völlum tekur til starfa haustið 2012.

#### **Félagsleg húsnæðismál:**

- Áhersla er lögð á að tryggja fjölbreytt úrræði í húsnæðismálum.
- Ýtt verði undir virkan leigu- og kaupleigumarkaði á félagslegum grunni í samvinnu við ríki og félagasamtök, þar sem fólk hefur val um öruggt búsetuform án þess að þurfa að setja sig í ævilangan skuldaklafa.

#### **Upplýsingar um þjónustu:**

- Á kjörtímabilinu verður hafin starfsemi hverfamiðstöðvar á Völlum, í samstarfi félagsþjónustu, fræðsluskrifstofu, þjónustuvers og fl.
- Allar lykilupplýsingar um starfsemi bæjarins og þjónustu verða aðgengilegar fyrir fólk sem býr við skerta færni, t.d. vegna lestrarörðugleika, sjón- eða heyrnarskerðingar.

#### **Málefni fólks án atvinnu:**

- Sérstök áhersla er lögð á að auka virkni fólks án atvinnu. Í því sambandi verður horft til atvinnuátaksverkefna, skólastyrkja og námsúrræða.
- Samstarf Atvinnumiðstöðvar, Starfsendurhæfingar, Vinnuskóla og Félagsþjónustu verður eflt, með það fyrir augum að tryggja samræmi í viðbrögðum og samþættingu starfsins.

## **4. Atvinna**

Meirihluti Samfylkingar og Vinstri grænna leggur áherslu á fjölbreytta atvinnuuppbyggingu á forsendum sjálfbærrar þróunar og í samræmi við fyrirhugaða umhverfis og auðlindastefnu Hafnarfjarðarbæjar. Sérstök rækt verður lögð við nýsköpun og sprotastarfsemi.

Tryggja þarf að atvinnu- og efnahagsuppbygging miði að atvinnuþátttöku kvenna jafnt sem karla, stuðla að kjarajöfnun og að útrýma kynbundnum launamun.

Leitað verði leiða til að tryggja skólafólki sumarvinnu eða möguleika til að stunda nám og rannsóknir yfir sumarmánuðina.

### **Mannafsfrek atvinnuátaksverkefni**

Hafnarfjarðarbær mun strax ráðast í mannafræk atvinnuátaksverkefni í samvinnu við Vinnumálastofnun, Atvinnuleysistryggingasjóð og aðra hagsmunaaðila í þeim tilgangi að vinna gegn staðbundnu atvinnuleysi.

### **Ferðaþjónusta**

Styðja þarf sjálfbæra ferðaþjónustu og lengingu ferðamannatímans. Lögð verður aukin áhersla á víðtækt samstarf bæjaryfirvalda og annarra hagsmunaaðila um menningar-, heilsu- og umhverfistengda ferðamannastarfsemi í því skyni að auka komur innlendra sem erlendra ferðamanna m.a. með sameiginlegum verkefnum og markaðskynningum.

Til að undirstrika enn frekar mikilvægi ferðaþjónustunnar sem grunnatvinnugreinar í Hafnarfirði vija bæjaryfirvöld samþætta verkefni og samnýta enn frekar þá reynslu og þekkingu sem til staðar er á ólíkum sviðum innan stjórnarsýslunnar varðandi markaðs-, kynningar-, nýsköpunar- og þróunarmál, undir sérstakri Hafnarfjarðarstofu.

Bæjaryfirvöld vilja stuðla að því að koma upp virkum útmarkaði í miðbæ Hafnarfjarðar til að skapa þannig meira líf og styrkja miðbæjarstarfsemi. Verkefnið verður unnið í nánu samstarfi við íbúa, verslunar- og þjónustuaðila í miðbænum og aðra áhuga- og hagsmunaaðila.

Unnið verður í samræmi við nýtt aðalskipulag Krýsvíkur og deiliskipulag í upplandi Hafnarfjarðar í þeim tilgangi að því að styrkja og efla ferðaþjónustu, heilsurækt og útivist á þessum einstöku náttúrusvæðum.

### **Nýsköpun og sprotastarfsemi**

Áfram verði unnið að samstarfi bæjaryfirvalda og Nýsköpunarmiðstöðvar um þróunarverkefni og nýsköpun í atvinnumálum.

Mikilvægt er að styðja við bakið á þeim fyrirtækjum sem eru í nýsköpun, vistvænni og umhverfisvænni starfsemi, m.a. með hagkvæmri framleiðu á húsnæði til þróunarstarfa eins og þegar er komið af stað.

### **Auðlindir og atvinna**

Unnin verður umhverfis- og auðlindastefna Hafnarfjarðarbæjar sem tekur til nýtingaráforma, umhverfisverndar, atvinnuuppbyggingar, skipulags og annarrar stefnumörkunar fyrir þær mikilvægu auðlindir sem bæjarfélagið hefur yfir að ráða í formi vatns, jarðhita og landsvæða.

Hafnarfjarðarbær vill styrkja samstarf í gegnum sameiginlegt hagsmunafélag Suðurlindir ehf. og horfa til tækifæra og samvinnu í atvinnu- og ferðamálum, jafnt og í skipulags- og orkumálum.

### **Lóðir fyrir atvinnustarfsemi**

Áhersla verður lögð á sveigjanleika við úthlutun á iðnaðar- og atvinnulóðum og sérstaklega horft til uppbyggingu græns iðnaðar, svo sem netþjónabúa, enda aðstæður í Hellnahrauni hentugar í alla staði fyrir slíka starfsemi með góðu aðgengi að bæði orku og kælivatni.

Hafnarfjarðarbær geri könnun á framboði og eignarhaldi á ónotuðu atvinnuhúsnæði sem hægt væri að nota fyrir nýja atvinnustarfsemi.

Bæjaryfirvöld vilja stuðla að enduruppbygging eldri iðnaðarsvæða á Hraunum og framtíðarskipulagi í tengslum við nýjan Ofanbyggðaveg, sem opnar ný tækifæri með góðri tengingu við helstu umferðaræðar innan höfuðborgarsvæðisins og alþjóðaflugvöll í Keflavík.

### **Hafnsækin starfsemi**

Bæjaryfirvöld vilja stuðla að því og laða að hafnsækna ferðaþjónustu, s.s. hvalaskoðun, sjóstangveiði og skemmtisiglingar. Í því samhengi verði mótuð framtíðarstefna um nýtingu Norðurbakka.

Sérstaklega verði hugað að aðstöðu fyrir móttöku á skemmtiferðaskipum og aðstöðu í tengslum við hana.

Með breytingum á stjórnkerfi fiskveiða gefst tækifæri á að efla sjávarútveg og fiskvinnslu í Hafnarfirði. Hugað verði að markvissri uppbyggingu á aðstöðu og þjónustu fyrir smábátaútgerð og skemmtibáta.

## **5. Umhverfi-, skipulag- og auðlindir**

### **Almennt:**

- Á sviði skipulagsmála verður lögð áhersla á vistvæna nálgun, bæði hvað varðar skipulagsgerð og hönnun mannvirkja.
- Skipulagsvinnan taki mið af þörfum íbúa og atvinnulífs um leið og þess er gætt að byggingarframkvæmdir séu í sátt við landfræðilegar aðstæður.
- Varðveita þarf menningarleg sérkenni bæjarins hvað varðar byggingarlist, sögu, minjar og náttúrufar.

- Styrkja þarf grundvöll fyrir sjálfbærni í einstökum hverfum bæjarins m.a. með eflingu almenningsgangna því góðar samgöngur og almenn umhverfisvitund er lykillinn að farsælli sambúð manns og náttúru .

#### **Stjórnsýsla skipulagsmála:**

- Í stjórnsýslunefnd verður farið yfir stjórnsýslu skipulags- og byggingarmála hjá Hafnarfjarðarbæ með það að markmiði að skilgreina betur og styrkja stöðu sviðsins, sem og almenna samþættingu skipulags- og umhverfismála.
- Á skipulags- og byggingasviði verður lögð enn ríkari áhersla á upplýsingar og kynningu fyrir íbúa, m.a. um fyrirhuguð skipulagsverkefni sem og framgang einstakra verkefna innan sviðsins.
- Áhersla verður lögð á stóraukið samráð og samstarf við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, bæði hvað varðar vinnu við skipulag, vegtengingar og almenna forsendugreiningu tengda uppbyggingu íbúa-, útivistar- og atvinnusvæða.
- Stefnt er að því að hlutverk samráðsnefndar um skipulag höfuðborgarsvæðisins verði endurskilgreint og aukið.
- Áfram verður lögð áhersla á að halda forstígs kynningar á framkvæmdum og skipulagsverkefnum í bænum.

#### **Orku- og auðlindamál**

- Áfram verður unnið að undirbúningi, rannsóknum og þróun nýs vatnstökuusvæðis í Fagradal í Lönguhlíðum með aukið öryggi í vatnsöflun til framtíðar og möguleika til vatnsútflutnings að markmiði.
- Háhitasvæði innan landamerkja Krýsuvíkur eru í eigu Hafnarfjarðarbæjar. Áfram verður unnið að rannsóknum á svæðinu án skuldbindingar um nýtingu af hálfu rannsóknaraðila.
- Unnin verður auðlindastefna Hafnarfjarðarbæjar sem tekur til nýtingaráforma, umhverfisverndar, atvinnuuppbyggingar, skipulags og annarrar stefnumörkunar fyrir þær mikilvægu auðlindir sem bæjarfélagið hefur yfir að ráða í formi vatns, jarðhita og landsvæða.
- Hafnarfjarðarbær er eigandi að jarðhita í Brennisteinsfjöllum og mun sem slíkur beita sér fyrir friðlýsingu svæðisins.

#### **Umhverfismál**

- Ávallt verði gerð krafa um bestu mögulegu ráðstafanir til mengunarvarna við atvinnurekstur í Hafnarfirði.
- Rík áhersla verður lögð á snyrtimennsku og góða umgengni í bæjarlandinu, jafnt innan byggðar sem utan.

- Umhverfismótun verður aukin í samstarfi við fyrirtæki og nágrennasveitarfélög, t.d. með rekstri færanlegrar mengunarmælistöðvar
- Áhersla verður lögð á aukna flokkun sorps og annars úrgangs í samstarfi við endurvinnslufyrirtæki og nágrennasveitarfélög.

### **Skipulagsmál**

- Við skipulag og þróun byggðar og atvinnulífs verður byggt á hugmyndafræðinni um sjálfbæra þróun.
- Áhersla verður lögð á lagningu göngu- og hjólreiðastíga sem tengi saman íbúabyggð, atvinnusvæði og útivistarsvæði. Litið verði á hjólreiðar sem samgöngumál og leitað samstarfs við nágrennasveitarfélögin í þeim efnum.
- Gerð verður úttekt á náttúrufari og fornminjum í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar í tengslum við gerð rammaskipulag í upplandi Hafnarfjarðar. Niðurstöður verða notaðar við þróun skipulags og þær settar fram með það að markmiði að auðvelda almenningi að njóta útivistar og upplifunar í hinu stórbrotna upplandi bæjarins.
- Svæði verða skipulögð undir fjölnota orkustöðvar fyrir samgöngutæki innan Hafnarfjarðar og markvisst unnið að því að bæjarfélagið taki forystu í umhverfismvænum orkukostum.
- Haldið verði áfram með úttekt á náttúrufari og fornminjum á skipulagi á um 150ha svæði vestan Straumsvíkur.

### **Helstu verkefni á tímabilinu:**

- Þrýst verði á stjórnvöld um að framkvæmdir hefjist við mislæg gatnamót Krýsuvíkurveggar við Reykjanesbraut hið fyrsta.
- Vegtenging frá Vallasvæði sunnan við Ásfjall að Kaldárselsvegi verði á framkvæmdaáætlun næstu tvö árin.
- Lokið verður við gerð rammaskipulags fyrir Upplandið og hafnar framkvæmdir á grundvelli þess s.s. með gerð hjólreiðastígs meðfram Kaldárselsvegi og áningastaðar við Kaldársel.
- Lokið verður við deiliskipulag vegna fyrirhugaðrar stækkunar bókasafnsins í samræmi við fyrirliggjandi verðlaunatillögu, þar sem m.a. er gert ráð fyrir vistvænu torgi framan við safnhúsið. Stækkun safnsins verður eitt af forgangsmálum í næstu verklegu framkvæmdum sveitarfélagsins.
- Í samræmi við samþykkt bæjarstjórnar á 100 ára afmæli Hafnarfjarðarkaupstaðar, verður efnt til samkeppni um skipulag og framtíðarsýn fyrir svokallað Dvergssvæði og Dvergshúsið verði rífið. Í því sambandi verður m.a. horft til lokafrágangs á gönguleiðina á lækjarsvæðinu frá Austurgötu að Strandgötu.
- Lokið verði við framkvæmdaráætlun vegna Staðardagskrár 21

- Mörkuð verði skýr stefna varðandi húsverndurn og unnið að verndunaráætlun hvað varðar einstök hverfi, s.s. miðbæjarsvæði og vesturbæ.
- Komið verður á sérstakri gæslu í upplandi Hafnarfjarðar
- Hafin verður undirbúningsvinna fyrir gerð nýs aðalskipulags.
- Útbúin verður aðstaða fyrir hundaeigendur til að sleppa hundum sínum lausum.
- Fylgt verði framkomnum tillögum um úrbætur í umferðaröryggismálum á þeim vegaköflum í bænum sem heyra undir Vegagerð ríkisins, s.s. við Hólshraun/Fjarðarhraun og suðurhluta Strandgötu.
- Lokið verður við gerð samstarfssamnings við Björgunarsveit Hafnarfjarðar sem hefur verið í vinnslu undanfarna mánuði.

## 6. Fræðslumál

Meirihluti Samfylkingar og Vinstri grænna leggur áherslu á markvissa framþróun í leik- og grunnskólum og að sérstaklega sé horft til menntunar á sviði lýðræðis og mannréttinda, jafnrétti, félagsfærni og umhverfisverndar.

- Við framkvæmd aðhaldsaðgerða verður forgangsraðað í þágu nemenda sem þurfa sértæk úrræði.
- Hugmyndafræði skólafærni (SMT) og foreldrafærni (PMT) hefur verið lögð til grundvallar innan skólans og við foreldra. Þróað verði framboð fleiri stuðningsaðferða, sem snúa að færniþáttum skólstarfs.
- Samskipti skóla og íbúa verði eflað með því m.a. að leggja rækt við starf skólaráða og að halda reglubundin skólaþing þar sem rædd verði fræðslu- og skólamál, allt frá fullorðinsfræðslu til leik- og grunnskóla, sem og málefni tónlistarskóla.
- Hugað verði sérstaklega að því að efla og samræma rannsóknir á árangri og gæðum skólstarfs í Hafnarfirði.
- Heildsdagsskólinn breytist í Tómskundaskólann og verður yfirstjórn hans færð til Íþrótt- og tómskundadeildar, samhliða því sem faglegar kröfur til skipulags tómskundastarfs verði yfirfarnar.
- Starfsemi Sérgreinabrautar verði eflað á grundvelli nýrrar stefnumótunar sem unnin verður í samráði við framhaldsskólana í bænum.
- Mótuð verði stefna um samfélagslegt hlutverk Menntasetursins við Lækinn, og starfsemin styrkt.
- Leitast verður við að halda áfram möguleika til náms á framhaldsskólastigi í efstu bekkjum grunnskólans, í samstarfi við menntamálaráðuneytið og framhaldsskólana

- Starfsemi Tónlistarskólans tengist betur grunnskólanum en nú er, m.a. þannig að nemendum bjóðist aukin tónlistarfræðsla á skólatíma í sínum heimaskóla.
- Áhersla verður lögð á starfsemi hverfaskóla. Gerð verður hliðstæð krafa um hagræðingu og aðhald í fyrirliggjandi samningum um einkarekna skóla og gerð er í skólum bæjarins.
- Stefnt skal að því að holl morgunmáltíð verði fyrir börn í öllum skólum Hafnarfjarðar þeim að kostnaðarlausu. Hugað verði að fyrstu skrefum í átt að gjaldleysi grunnskólans á afmörkuðu sviði fyrir lok kjörtímabilsins.
- Leitað verði eftir frekara samstarfi við nágrennasveitarfélög um ákveðna þætti í endurmenntun og starfsþróun starfsfólks leik- og grunnskóla Hafnarfjarðar.
- Kostnaðarþátttaka heimila og foreldra verður endurmetin á kjörtímabilinu.
- Við skipulag skólamáltíða verði lögð aukin áhersla á manneldismarkmið og að skólamáltíðir verði hluti af námi barna.

## 7. Íþróttir, æskulýðsmál, tómstundir og forvarnir

- Meirihluti Samfylkingar og Vinstri grænna leggja mikla áherslu á heilbrigðan lífstíl og almenna lýðheilsu.
- Megináhersla er lögð á að skapa umhverfi þar sem jöfnuður og sanngirni ríkir og að allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi.
- Áfram verður lögð áhersla á íþróttabæinn Hafnarfjörð með stuðningi við iðkendur, fjölskyldur þeirra og íþróttafélög.
- Forvarnir í víðasta skilningi þess verði í forgrunni í íþróttum, æskulýðs og tómstundastarfi.
- Þverfaglegt samstarf við viðkomandi aðila sem vinna að þessum málum verður eftt enn frekar.
- Lögð er áhersla á mikilvægi frístundaaksturs og að sú þjónusta verði tryggð allt árið. Fyrirkomulagið verður þróað samhliða endurskoðun skólaaksturs og almenningsgangna.

### Íþróttir og tómstundir:

- Lögð er áhersla á áframhaldandi gott samstarf og samráð við íþrótt- og tómstundafélög á svæðinu.
- Hafin verði vinna við að greina grunnþjónustu íþróttafélaga við íbúa frá öðrum rekstri.
- Fyrirkomulag niðurgreiðslu til íþrótt- og æskulýðsstarfs verður endurskoðað í heild og gert enn skýrara og gagnsærra. .
- Unnið verði að uppbyggingu á aðstöðu fyrir jaðaríþróttir byggt á þeirri vinnu sem þegar hefur farið fram.

- Mótaðar verða markvissar aðgerðir til að sporna gegn brottfalli barna og unglunga úr íþróttá- og tómstundastarfi.
- Unnið verður að uppbyggingu aðstöðu fyrir sjósund, í samræmi við fyrirbyggjandi framkvæmdaáætlun.
- Lögð verður áhersla á lýðheilsuhlutverk íþróttá- og tómstundastarfs og að allir eigi kost á þátttöku í slíku starfi.
- Unnið verður áfram að uppbyggingu á aðstöðu fyrir akstursíþróttir í samræmi við samþykktar tillögur.

#### **Æskulýðsmál:**

- Lögð er áhersla á áframhaldandi öflugt starf félagsmiðstöðvanna í skólum bæjarins og að samstarf þeirra verði þróað enn frekar.
- Unnin verði markviss framtíðarstefna í æskulýðsmálum í samvinnu við notendur og fulltrúa þeirra, t.d. ungmennaráð
- Möguleikar þess starfsfólks sem vinnur með ungu fólki á vettvangi frítíma til menntunar og starfsþjálfunar verði eflir.
- Uppbyggileg viðfangsefni og lýðheilsusjónarmið verða lögð til grundvallar í öllu æskulýðs- og tómstundastarfi.

#### **Heilsdagsskóli:**

- Heilsdagsskólinn verður enn frekar samþættur við tímstunda og íþróttastarf, undir forystu ÍTH.

## **8. Menning**

Menning er í senn sjálfstæð atvinnugrein og undirstaða annarra atvinnuvega, skapandi hugsunar, uppspretta nýsköpunar og verðmætasköpunar. Lögð verður áhersla á gildi menningar fyrir frjálsa hugsun, víðsýni og umburðarlyndi, ekki síst í tengslum við skólustarf.

- Tryggja þarf að börn hafi jafnan aðgang að menningu og komist í kynni við fjölbreytta menningarstarfsemi.
- Farið verði yfir starfsemi Bæjarbíós með það að markmiði að opna húsið fyrir fjölbreyttari og frekari nýtingu þess, til dæmis reglubundnar kvikmyndasýningar m.a. fyrir börn og unglinga
- Í tengslum við nýtt skipulag í miðbænum og uppbyggingu bókasafns Hafnarfjarðar verður starfsemi þess styrkt enn frekar, einkum hvað varðar almenningsfræðslu og hvers konar miðlun, auk þess sem hlutverk þess sem héraðsskjalasafns verður eflt.
- Lögð verður áhersla á að rækta sérkenni, menningararf og einkenni Hafnarfjarðar, þ.m.t. höfnina, gömlu timburhúsabyggðina og hraunið í bæjarlandinu.
- Þróunar- og skipulagsvinna á hafnarsvæðinu við Flensborgarhöfn taki tillit til gamla Hansakaupstaðarins og Flensborgarskólans.

- Gert verði áttak í að merkja með sýnilegum hætti gömul hús í bænum með upprunalegum nöfnum.
- Áfram verður unnið að skráningu ljósmyndasafns Hafnarfjarðar og það gert aðgengilegt bæjarbúum á vefnum.
- Kannaðir verði möguleikar á að gerður verði sérstakur menningarsamningur við menntamálaráðuneytið til að efla og styrkja enn frekar fjölbreytt menningar- og listastarf í bænum, líkt og gert hefur verið annars staðar á landinu.
- Hugað verði að því að frímerkjasafn verði meðal sérstakra áherslupátta í starfi Byggðasafnsins.